

Icelandic Art Today Frétta- tilkynning, Júní 2009

Icelandic Art Today er fyrsta bók sinnar tegundar á ensku, þar sem finna má breiðan hóp íslenskra samtímalistamanna, sem eru fæddir eftir 1950. Þrettán vel þekktir pennar af ýmsu þjóðerni taka saman höndum og skrifa um 50 listamenn, sem hafa verið áberandi síðustu áratugin. Margir þessara listamanna hafa öðlast nafn utan landsteinanna, annað hvort í Evrópu eða Bandaríkjunum og sumir hafa kosið að dvelja erlendis þar sem þeir láta reyna á hæfileika sína í hinum margvíslegu miðstöðvum lista þótt flestir haldi tryggð við heimalandið.

Icelandic Art Today er 340 síður, ríkulega myndskreytt með upplýsandi textum um hvern hinna fimmtíu listamanna auk langs formála að samtímalistinni á Íslandi, sem rekja má aftur til ofanverðs sjötta áratugarins og byrjunar hins sjöunda. Þá tók að gæta vaxandi óþols meðal kynslóðar listamanna, sem fæddir voru á þriðja og fjórða áratugnum gagnvart móðernismanum og formhyggju hans. Með tilkomu fjölmarga listamanna fæddra snemma á fimmta áratugnum náði samtímalistin oddastöðu í íslenskrari list á ofanverðum sjöunda áratugnum og byrjun hins áttunda. Þar með átti hugmyndlist eða conceptlist og naumlist eða minimalismi greiðan aðgang að íslenskum listheimi uns viðkomandi stefnur þróuðust til póstmóðernískra háttá á ofanverðum níunda áratugnum.

Þrátt fyrir skyldleika sinn við alþjóðlegar stefnur og strauma býr íslensk list yfir eigin lögmálum, sem ekki er auðvelt að ráða í þótt einkennin liggi í augum uppi. Borin saman við list frá hinum Norðurlöndunum er íslensk samtímalist sennilega hvorki eins félagsleg né sálræn og dönsk eða sænsk list. Leitin að glataðri sjálfsmýnd, sem einkennir gjarnan norska og finnska samtímalist er ekki eins áleitin í verkum íslenskra listamanna.

Þegar á heildina er litið er nýleg íslensk samtímalist fremur byggð á léttuð gagnvart hefðinni og furðulegum andstæðum vestrænna samfélagshátta í skauti hrikalegrar náttúru, sem hvergi á sinn líka í Evrópu, þótt einhlít skilgreining á íslenskrari list síðustu áratuga verði seint fundin. Einangrun, við aðstæður sem hæglega raska venjulegri tíma- og rýmisskynjun er ef til vill samnefni íslenskrar samtímalistar, þó svo að *Icelandic Art Today* gefi allt annað til kynna.

Við þökkum forsvarsmönnum Hatje Cantz fyrir þolinmæði þeirra og hvatningu, sem og öllum þeim sem komu að tilurð þessarar frábæru útgáfu. Við vonum að bókin megi opinbera margbreytileik íslenskrar listar, sem enn nýtur góðs af litrófi fjölmargra landa og borga þar sem listamennirnir 50 hlutu framhaldsmenntun sína, áður en þeir blönduðu þeirri upplifun sinni saman við áður fengna reynslu af heimaslóð.



Ritstjórar: Christian Schoen og Halldór Björn Runólfsson
Maí 2009, ensk útgáfa
Hatje Cantz (Þýskalandi)
340 bls., 354 myndir
€ 49,80
ISBN 978-3-7757-2295-7

ICELANDIC ART TODAY er gefin út af Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Listasafni Íslands.

Í útgáfunni er að finna 50 íslenska listamenn, þ.á.m. eru: Finnboði Pétursson, Gabríela Friðriksdóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, The Icelandic Love Corporation, Katrín Sigurðardóttir, Margrét H. Blöndal, Líbia Castro + Ólafur Ólafsson, Ragnar Kjartansson, Rúrí, Steingrímur Eyrjörð.

Textar: Aesa Sigurjónsdóttir, Christian Schoen, Eva Heisler, Gregory Volk, Ólafur Gíslason, Halldór Björn Runólfsson, Jón Proppé, Markús Þór Andrésson, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Matthias Wagner K, Ragna Sigurðardóttir, Shauna Laurel Jones, Þóra Þórisdóttir.

Þessi bók kemur út
Föstudaginn, 26. Júní, 16.00
á Listasafni Íslands
-
Listasafn Íslands
Fríkirkjuvegur 7 – 101 Reykjavík

Tengiliðir:
CIA.IS – KÍM
Hafnarstræti 16 / IS-101 Reykjavík
+354-562 72 62 (sími)
info@cia.is

-
Hatje Cantz Verlag
Alþjóðleg tengsl: Caroline Schilling
(c.schilling@hatjecantz.de)
Þýsk tengsl: Meike Gatermann
(m.gatermann@hatjecantz.de)

Við viljum skila innilegu þakklæti til Agnes Gund. Þessi útgáfa hefði ekki litið dagsins ljós án rausnarlegs stuðnings hennar. Einnig viljum við þakka Bjarna Ármannssyni og Helgu Sverrisdóttur.

Þá viljum við þakka hjartanlega kostunaraðilum okkar: Utanríkisráðuneytinu / Viljandi / Goethe-Institut / Landesbank Baden-Württemberg / Verslunarráði Íslands.